

Fundur Epsilondeildar haldinn 9.4.2014.

Fundarstaður: Heilsustofnun Hveragerði

Fundarefni – Fróðleikur um HNLFÍ.

Guðrún Friðriksdóttir tók á móti 15 fróðleiksfúsum konum, leiddi þær um húsið og sagði frá mörgu. HNLFÍ er afar merkileg stofnun og þangað sækja margir bættu heilsu til líkama og sálar ár hvert.

Síðan fengum við aðstöðu í matsal HNLFÍ.

1. Rósa setti formlegan fund og gerði grein fyrir þeim konum sem ekki komust.
2. Ingibjörg las fundargerð.
3. Rósa sagði frá því að hún hefði skrifað grein í Mbl en greinin hefði ekki birst enn. Hún hafði einnig skrifað Halldóri Páli og þakkað fyrir okkur. Síðan fór hún yfir málþingið sem er framundan.
4. Orð til umhugsunar átti Margrét Magnúsdóttir og talaði hún um þakklætið. Hún talaði fallega til okkar systra sinna og sagði okkur frá Heilsuborg -. Benti okkur á að laða til okkar það góða. Hún minnti okkur á að maður þarf að passa inn í sjálfan sig.
5. Pálína sagði okkur frá EKK (Eldri kennslukvennaklúbbi). Í honum eru konur sem hafa kennt í Grunnskólanum í Hveragerði. Guðrún Þóranna sagði að svipaður klúbbur væri á Selfossi.
6. Hrefna Clausen samkennari Rósu og Veru var gestur á fundinum.
7. Nokkrar skemmtisögur svo sagðir af orðheppnum nemendum.
8. Hapdrættið var á sínum stað.

Fundi slitið.

Ingibjörg Þ.Þ. ritaði.